

Nr. 17 013 S 007 Dettifoss***Skipverji slasast***

IMO.nr. 9086801
Útgerð: Eimskip ehf
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Fánaríki: Antigua/Barbuda
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Slysaskýrsla
Ljósrit úr leiðarbók
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttir, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. janúar 2017 var Dettifoss við bryggju í Þórshöfn í Færeyjum. Veður: SV 3–4 m/s.

Skipverji var að lagfæra bilað ljós í landþernuskáp og lá ofan á járnþili með hægri síðuna. Þegar hann var að teygja sig niður að landþernunni fann hann að eitthvað brast og við læknisskoðun kom í ljós að hann hafði rifbeinsbrotnað.

Við rannsókn kom fram:

- að járnplatan sem hann lá ofan á var 8 mm að þykkt;
- að þetta var eina aðkoman að ljósinu til að gera við það;
- að skipverjinn var frá vinnu í þrjár vikur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.